

# 285. KIRKJURÁÐSFUNDUR

M I Ð V I K U D A G U R 12. D E S E M B E R 2 0 1 8 K L . 9 : 3 0

---

## DAGSKRÁ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjárhagsleg samskipti við ríkisvaldið. Formaður samninganefndar kirkjunnar kemur til fundarins.
- 3) Fjármál og fasteignir.
  - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 4. desember 2018, fjárhagsáætlanir Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar.
  - b) Fjárhagsáætlun Biskupsstofu.
  - c) Fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs.
- 4) Fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.
- 5) Hraungerði, uppgjörsmál vegna ábúðarslita.
- 6) Saurbær, erindi talsmanns sóknarprests.
- 7) Veiðifélag Breiðdæla, kæra starfs- og rekstrarleyfis Fiskeldis Austfjarða hf.
- 8) Starfsmannamál kirkjuráðs og kirkjuþings.
- 9) Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐUSTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Á fundinum voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlíðum 1-3. Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen sat fundinn undir dagskrárlíðum 1-3. Séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárlíðum 1-3. Magnús E. Kristjánsson, formaður samninganefndar kirkjunnar er varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, sat fundinn undir dagskrárlíð 2.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

---

## 2. FJÁRHAGSLEG SAMSKIPTI RÍKIS OG KIRKJU, FORMAÐUR SAMNINGANEFDAR KIRKJUNNAR

---

Formaður samninganefndar kirkjunnar kynnti kirkjuráði stöðuna í samningaviðræðum ríkis og kirkju varðandi fjárhagsleg samskipti. Viðræðurnar eru grundvallaðar á 4. gr. samkomulags ríkis og kirkju frá 10. janúar 1997 (fylgiskjali kirkjugarðasamkomulagsins nr. 3).

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að taka saman minnisblað, í samráði við skrifstofustjóra Biskupsstofu, í ljósi þeirra gagna sem fram hafa verið lögð og þeirrar umræðu sem var um málið á fundinum.

---

## 3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 4. desember 2018, fjárhagsáætlanir Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Tekinn fyrir liður 2. Tillaga að fjárveitingu til skírnarfræðslunefndar (3.a.) Fram kom að framlag til nefndarinnar í drögum að fjárhagsáætlun 2019 er í dag kr. 725.000 en það verkefni sem meta skal snýr að samþykkt kirkjuþings 2018 þess efnis að skírnarfræðslunefnd kynni söfnuðum tillögur sínar. Lagt er til að skírnarfræðslunefnd geri tillögur um kynningarmál sín þannig að unnt verði að meta kostnaðinn við verkefnið.

Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 3. Tillaga að fjárveitingu vegna ráðningar jafnréttisfulltrúa (3.a.) Fram kom að gert er ráð fyrir ráðningu jafnréttisfulltrúa í samþykkti fjárhagsáætlun

Biskupsstofu með 13,3 m.kr. framlagi.

- Kirkjuráð er sammála fjármálahópi um að ekki sé ástæða til frekari tillögugerðar af hans hálfu.

Tekinn fyrir liður 4. Skoðun á breyttum verkferlum og tímasetningum vegna ársreikninga og fjárhagsáætlana (3.b.) Fjármálahópur leggur til að drög að fjárhagsáætlunum verði tilbúin í lok júlí, að kirkjuráð taki þau fyrir á ágústfundi sínum og í framhaldi af því, eða í síðasta lagi 1. september verði drög færð í gagnaherbergi kirkjuþings. Á kirkjuráðsfundi eftir kirkjuþing verði fjárhagsáætlanir endurskoðaðar með tilliti til ákvarðana á kirkjuþingi, þeim verði breytt ef þess þarf, annars samþykktar. Stefnt verði að því að endurskoðun ársreikninga ljúki eigi síðar en 1. september og þeir liggi þá fyrir kirkjuþingsfulltrúum til skoðunar.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 5. Tillaga að fjármögnun vegna starfa nefndar um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. (3.m.) Fjármálahópur leggur til að fjárveiting vegna starfa nefndarinnar verði kr. 600.000,- sem er launakostnaður við ca. 10 þriggja tíma funda ásamt afleiddum kostnaði.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 6. Áætlun um kostnað við að hrinda í framkvæmd fræðslustefnu þjóðkirkjunnar. (3.z.) Fjármálahópur leggur til að fræðslusvið Biskupsstofu vinni framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið og reynt verði að gera hana þannig úr garði að meta megi kostnað við verkefnið.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 7. Skoðun á viðbrögðum héraðsnefnda vegna tillögu um úthlutun úr Jöfnunarsjóði (4.a.) Fram kom fjármálahópur tók viðbrögð héraðsnefndanna til umfjöllunar undir þeim dagskrárið sem fjallaði um umsóknir í Jöfnunarsjóð fyrir árin 2018 og 19 sem ekki hefur verið tekin afstaða til.

- Kirkjuráð samþykktir þetta vinnulag fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 8. Ósk um kaup á landspildu, Dalsgarður í Mosfellsbæ (4.b.) Fram kom að um væri að ræða 18.782 m<sup>2</sup> lóð, lóðamat skv. fasteignamati kr. 3.470.000,- iðnaðar og athafnalóð. Jarðhiti er meðfylgjandi en skráður eigandi hans er Reykjavíkurkaupstaður. Fjármálahópur leggur til að kirkjuráð láti fara fram fari nánari athugun á málín.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps og felur framkvæmdastjóra að afla frekari gagna.

Tekinn fyrir liður 9. Tillaga um afgreiðslu á erindi varðandi breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar með innleiðingu á reiðleið um Hálsmela. (4.c.) Fjármálahópur leggur til að haft verði samband við leigjanda kirkjumálasjóðs að Hálsi og staðfesti hann að hann leggist ekki gegn erindinu leggur fjármálahópur til við kirkjuráð að fallist verði á það.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 10. Tillaga um afgreiðslu umsóknar um framkvæmdaleyfi til að taka og haugsetja möl úr Hörgá í landi Hlaðna og Möðruvalla I og II. Fjármálahópur leggur til að fallist verði á erindið.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 11. Tillaga að afgreiðslu erindis varðandi endurheimt votlendis á Kolfreyjustað. (4.k.). Fjármálahópur leggur til að fengið verði álit umhverfisnefndar kirkjunnar á erindinu.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 12. Tillaga til afgreiðslu umsóknar Skálholtsfélagsins hins nýja um styrk. (5.b.) Fjármálahópur mun taka erindi fyrir undir dagskrárið 14.

- Kirkjuráð samþykktir það vinnulag fjármálahóps.

Tekinn fyrir liður 14. liður. Umfjöllun um rekstraráætlun Kristnisjóðs og umsóknir um styrki úr sjóðnum sem ekki hefur verið tekin afstaða til (3.b.)

Fjármálahópur fjallaði um málið og gerir tillögu til kirkjuráðs um breytingar á áætlun sjóðsins og um afgreiðslu umsókna um styrki úr sjóðnum á sérstöku fylgiskjali.

Fram kom breytingartillaga þess efnis að styrkur til altarissteins við Esjuberg verði hækkaður úr 200 þ.kr. í umbeðna styrkfjárhæð 600 þ.kr. Tillagan samþykkt enda komi fram kostnaðaráætlun við verkið.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahóps og samþykkti rekstraráætlun Kristnisjóðs svo breytta á sérstöku fylgiskjali.

Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði 148,4 m.kr. Gjöld vegna almennrar starfsemi verði 70,8 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að styrkir verði 74,3 m.kr. og rekstrarafgangur verði 3,3 m.kr.

Tekinn fyrir 15. liður. Umfjöllun um rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sókna og umsóknir um styrki úr sjóðnum sem ekki hefur verið tekin afstaða til (3.b.)

Fjármálahópur fjallaði um málið og gerir tillögu til kirkjuráðs um breytingar á áætlun sjóðsins og um afgreiðslu umsókna um styrki úr sjóðnum á sérstöku fylgiskjali.

- Kirkjuráð samþykkti að veita Kársnessókn sérstaka aukafjárveitingu að fjárhæð 20 m.kr. á yfirstandandi ári til endurbóta á kirkjunni vegna mikillar og bráðrar viðhaldsparfar á kirkjuhúsinu.

- Kirkjuráð samþykkti að veita Stórólfshvolssókn framlag að fjárhæð 4 m.kr. til að láta fara fram frumhönnun og að gera kostnaðaráætlun fjölnotahúss eins og þess sem ætlun sóknarinnar var að byggja eða eftir atvikum kirkjuhúss eða húsnæðis undir safnaðarheimili sem sóknin geti rekið með núverandi tekjum sínum og eftir atvikum öðrum tekjum sem hún geti aflað og tryggt að muni falla til í framtíðinni með skuldbindandi samningum við aðra aðila. Framlagið er skilyrt við þetta tiltekna verkefni og felur ekki í sér nokkurt loforð eða fyrirheit af hálfu Jöfnunarsjóðs sókna um frekari framlög til byggingar á vegum sóknarnefndar Stórólfshvolssóknar. Komi fram umsóknir

um frekari fjárfamlög mun kirkjuráð sem stjórn Jöfnunarsjóðs sókna meta slíkar umsóknir um frekari fjárstuðning sjálfstæðu mati og vísar þar til reglugerðar og reglna sjóðsins um skilyrði fyrir styrkveitingum.

- Kirkjuráð endurskoðaði tillögu fjármálahóps og samþykkti rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs svo breytta sbr. fylgiskjal. Tekjur sjóðsins verða 401,9 m.kr. Rekstrargjöld sjóðsins eru kostnaðarhlutdeild til Biskupsstofu að fjárhæð 8 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að úthluta styrkjum að fjárhæð 372,2 m.kr. og að tekjuafgangur verði þannig 21,7 m.kr.

Tekinn fyrir 16. liður. Skoðun og samræming á rekstraráætlun Skálholtsstaðar 2019 (3.d.) Í áætlun Skálholtsstaðar er gert ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs verði 15,2 m.kr. en í áætlun sjóðsins er framlagið 15 m.kr. Þá er í áætlun Skálholtsstaðar gert ráð fyrir að framlag Kristnisjóðs verði 12 m.kr. en í áætlun sjóðsins er framlagið 11,319 m.kr., mismunurinn er 881 þ.kr. sem áætlun Skálholtsstaðar þarf að lækka til að samræmi verði milli áætlanna. Gert er ráð fyrir að tekjur verði 105,7 m.kr. og skiptist þannig að framlög verði 37,5 m.kr. en rekstrartekjur 68,1 m.kr. Gjöld eru áætluð 111 m.kr., laun og launatengd gjöld verði 69,3 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 41,2 m.kr., afskriftir verða 550 þ.kr. Tekjuhalli skv. áætluninni verður 5,4 m.kr.

- Kirkjuráð samþykkti áætlunina fyrir sitt leyti en bendir stjórn Skáholts á að gera verði breytingar vegna hallareksturs.

Tekinn fyrir 17. liður. Erindi vegna viðhalds Skálholtsdómkirkju. (4.a.)

Lagt er til að unnin verði heildstæð áætlun um verkefnið. Þá er lagt til að orðið verði við erindinu og veitt framlag úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 2,3 m.kr. vegna daglegs eftirlits með fasteignum staðarins.

- Kirkjuráð samþykkti erindið.

Tekinn fyrir 18. liður. Skoðun á umsókn um fjárstyrk vegna guðfræðiráðstefnu (8.e.)

Málið var tekið til umfjöllunar og afgreitt með tillögu undir dagskrárið 14.

- Kirkjuráð samþykkti erindið.

Tekinn fyrir 19. liður. Rekstraráætlun Tónskóla þjóðkirkjunnar, endurskoðuð útgáfa.

Upp er tekinn í áætlunina nýr tekjuliður, framlag frá Reykjavíkurborg að fjárhæð 13,2 m.kr. Um er að ræða framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem Reykjavíkurborg sér um að greiða. Láðst hafði að geta um framlagið í rekstraráætlun skólans fyrir yfirstandandi ár og framlagið var hækkað nokkuð milli ára. Lagt er til að framlag kirkjumálasjóðs lækki og verði 24 m.kr., kennslukostnaður skólans hækki og verði 20,9 m.kr. með auknu framboði námskeiða. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarrafkoma skólans verði jákvæð um 3,5 m.kr.

Endurskoðuð áætlun skólans er á sérstöku fylgiskjali. Gert er ráð fyrir að tekjur verði 39,9 m.kr. og gjöld 36,4 m.kr. Tekjuafgangur verður þannig 3,5 m.kr.

### b) *Fjárhagsáætlun Biskupsstofu*

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 2.658,9 m.kr., gjöld verði 2.632,3 m.kr. og tekjur umfram gjöld verði því 26,7 m.kr. Fjárfestingaáætlun er áætluð 14 m.kr. og tekjur umfram gjöld og fjárfestingu verði því 12,7 m.kr.

Áætlunin lögð þannig fram til samþykktar.

- Kirkjuráð samþykkti áætlunina samkvæmt ofangreindu og er hún birt á sérstöku fylgiskjali.

**c) Fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs**

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 316,3 m.kr., gjöld vegna almennrar starfsemi verði 286,4 m.kr. og tekjuafgangur af almennri starfsemi verði 29,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur af fasteignasviði verði 93,8 m.kr. Rekstrargjöld verði 47,7 m.kr. og tekjuafgangur af rekstri fasteignasviðs verði 46,1 m.kr. Sjóður til viðhalds fasteigna kirkjumálasjóðs verður þannig 76 m.kr.

Áætlunin lögð þannig fram til samþykktar.

- Kirkjuráð samþykkti áætlunina samkvæmt ofangreindu og er hún birt á sérstöku fylgiskjali.

---

## **4. FUNDUR Í SAMSTARFSNEFND ALÞINGIS OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR**

---

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar starfar á grundvelli laga nr. 12/1982. Næsti fundur nefndarinnar er áætlaður eftir miðjan janúar og verður boðaður af forseta Alþingis.

---

## **5. HRAUNGERÐI, UPPGJÖRSMÁL VEGNA ÁBÚÐARSLITA**

---

Ódagsett frásögn fráfarandi ábúanda í Hraungerði lögð fram.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs greindi frá stöðu málsins.

---

## **6. SAURBÆR, ERINDI TALSMANNS SÓKNARPRESTS**

---

Erindi talsmanns sóknarprests Saurbæjar prestakalls frá 20. nóvember sl. lagt fram. Fram kom að framkvæmdastjóri kirkjuráðs væri að vinna að samantekt svara við fyrirspurnum í erindinu.

- Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjuráðsmönnunum séra Örnu Grétarsdóttur og séra Axel Árnasyni Njarðvík að beita sér til lausna í málínu í samtali og samráði við sóknarprest og talsmann hans sem og að funda með sóknarnefndum Saurbæjar prestakalls.

---

## **7. VEIÐIFÉLAG BREIÐDÆLA, KÆRA STARFS- OG REKSTRARLEYFIS FISKELDIS AUSTFJARÐA HF.**

---

Kvörtun forsvarmanns fiskeldis Austfjarða frá því fyrr á þessu ári, vegna framgöngu sóknarprestsins og ábúandans í Heydolum lögð fram.

- Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að óska eftir því við ábúandann, sóknarprestinn í Heydolum, að hann komi á næsta fund fjármálahópsins til að ræða um málefni prestsetursjarðarinnar Heydala.

---

## 8. STARFSMANNAMÁL KIRKJURÁÐS OG KIRKJUÞINGS

---

Samþykkt kirkjuþings 2016 kvað á um tímabundna ráðningu lögfræðings til starfa á vettvangi þingsins til loka kjörtímabilsins, þ.e. til næstu áramóta.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

- a. Grensáskirkja, viðgerð á ytra byrði húsnæðisins.

Á grundvelli samnings kirkjumálasjóðs og Grensássóknar er undirbúningur hafinn við viðgerð á ytra byrði húsnæðisins sem fram mun fara á næsta ári.

- b. Holt í Önundarfirði – útleiga

Beiðni ábúanda Holts í Önundarfirði þess efnis að fá heimild til að framleigja hluta af prestssetrinu í Holti á komandi ári.

- Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla kirkjuráði frekari upplýsinga um malið fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu miðvikudaginn 9. janúar 2019.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Viðísson,  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir

## Biskupsstofa - FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir tekjuafgangi að fjárhæð 26,6 millj. kr. en fjárfestingaáætlun gerir ráð fyrir 14 millj. kr. fjárfestingu á árinu.

	Uppfærð áætlun 2018	2019
Greiðsla Ríkissjóðs vegna kirkjujarðasamkomulags.....	2.581.900.000	2.595.500.000
Kostnaðarhlutdeild Kirkjumálasjóðs.....	50.365.853	41.640.731
Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs.....	8.482.683	8.000.983
Kostnaðarhlutdeild Kristnisjóðs.....	30.295.396	6.556.543
Kostnaðarhlutdeild aðrir.....	3.594.181	7.259.269
<b>Samtals áætlaðar tekjur</b>	<b>2.674.638.113</b>	<b>2.658.957.526</b>
 Launakostnaður Biskupsstofu.....	223.806.983	261.803.803
Launakostnaður presta og prófasta.....	2.120.098.874	2.114.200.000
Rekstrarkostnaður presta og prófasta.....	170.425.720	144.258.169
 Yfirstjórn.....	12.000.000	15.886.296
Rekstur eldhúss.....	1.540.500	2.381.185
Rekstur skrifstofu.....	3.931.341	2.842.409
Almannatengsl og markaðsmál.....	6.553.678	5.171.802
Rekstur húsnæðis.....	32.941.620	33.564.872
Þjóðnustumíðstöð Háteigskirkju.....	2.620.000	3.581.000
Bóka- og skjalasafn Biskupsstofu.....	300.000	300.000
Mannauðsmál.....	9.619.890	9.518.510
Tölvur og upplýsingatækni.....	24.162.235	22.150.000
 Biskup Íslands.....	7.210.000	8.000.000
Vísitasíur biskups.....	1.200.000	1.200.000
Ráðstöfunarfé Biskups.....	2.500.000	3.000.000
Víglubiskup Skálholti.....	4.650.000	4.500.000
Víglubiskup Hólum.....	3.400.000	3.500.000
<b>Samtals áætlaður kostnaður</b>	<b>2.626.960.841</b>	<b>2.632.277.046</b>
 <b>Fjárfestingaáætlun</b>	<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>47.677.272</b>
Upplýsingasvið.....	13.000.000	14.000.000
Skrifstofa.....	3.000.000	16.000.000
		14.000.000
 <b>Tekjur umfram gjöld og fjárfestingu</b>	<b>31.677.272</b>	<b>12.680.480</b>

	fjárhagsáætlu n 2019
<b>almenn starfsemi</b>	
tekjur	
26705101 - TEKJUR.....	-313.800.000
26705405 - Fjölskyldubjónusta kirkjunnar.....	-2.522.000
26705405015 - Fjölskylduráðgjöf - sértekjur.....	-2.522.000
<b>tekjur Total</b>	<b>-316.322.000</b>
 <b>gjöld</b>	
26705201 - Kirkjumálasjóður - framlög.....	25.073.000
26705201010 - Styrkur til Tónskólans.....	24.000.000
26705201030 - Framlag til Skálholts.....	1.073.000
26705201015 - Kostnaðarhlutdeild Biskupsstofu.....	41.640.731
26705202 - Kirkjupíng.....	23.942.000
26705203 - Kirkjuráð.....	15.501.000
26705204 - Biskup Íslands - rekstrarkostnaður.....	5.038.000
26705301 - Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld / fjármálastj.....	14.500.000
26705401 - Söngmálastjóri.....	13.118.000
26705405 - Fjölskyldubjónusta kirkjunnar.....	40.604.000
26705501 - Skrifstofa og mannauður.....	54.732.000
26705502 - Stjórnsýsla, árbók.....	521.000
26705604 - Menning - styrkir vegna útgáfu.....	2.019.000
26705606 - Kirkjumálasjóður - nefndir.....	17.460.000
26705606000 - perikópunefnd.....	315.000
26705606000 - Samstarfsvertvangur trúarbragðanna.....	420.000
26705606000 - Skírnarfræðslunefnd.....	725.000
26705606000 - Skólaráð Skálholtskóla.....	526.000
26705606000 - Strandakirkjunefnd.....	315.000
26705606010 - Úrskurðarnefnd.....	5.000.000
26705606015 - Áfrýjunarnefnd.....	5.000.000
26705606020 - Kenningarnefnd.....	315.000
26705606025 - Þóknananefnd.....	315.000
26705606030 - Launaneftnd þjóðkirkjunnar.....	515.000
26705606040 - Kjörnefndir - prestkosningar.....	1.051.000
 Nefnd um meðferð mála innan þjóðk. er varða einelti, kynferðisl. áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi.....	600.000
26705606045 - Fagráð um meðferð kynferðisafbrota.....	315.000
26705606050 - Jafnréttisnefnd.....	420.000
26705606055 - Æskulýðsnefnd.....	420.000
26705606060 - Djáknaneftnd.....	52.000
26705606065 - Samkirkjunefnd.....	315.000
26705606070 - Þjóðmálanefnd.....	315.000
26705606217 - Nefnd um kirkjujarðasamkomulagið.....	526.000
26705607 - Nefndir - Helgihald og kirkjutónlist.....	8.347.000
26705607010 - Helgisiðanefnd.....	315.000
26705607015 - Handbókarnefnd.....	315.000
26705607020 - Sálmabókarnefnd.....	5.000.000
26705607210 - Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd.....	315.000
26705607215 - Ellimálanefnd.....	315.000
26705607220 - Hópslysaneftnd.....	1.261.000
26705607225 - Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga.....	300.000
26705607315 - Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar.....	526.000
<b>gjöld Total</b>	<b>286.437.731</b>
 <b>Tekjuafgangur af almennri starfsemi.....</b>	<b>-29.884.269</b>

	fjárhagsáætlu n 2019
<b>fasteignasvið</b>	
<b>tekjur</b>	
267057010 - Fasteignir - ýmsar eignir.....	-40.581.736
267057020 - Skálholt.....	-1.430.000
267057030 - Suðurprófastdæmi.....	-5.287.000
267057040 - Kjalarnesprófastdæmi.....	-6.525.000
267057050 - Vesturlandsprófastdæmi.....	-10.216.000
267057060 - Vestfjarðarprófastdæmi.....	-5.126.000
267057070 - Húnnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmi.....	-4.997.000
267057080 - Eyjafjarðar - og Þingeyjarprófastdæmi.....	-7.229.000
267057090 - Austurlandsprófasdæmi.....	-12.400.000
<b>tekjur Total.....</b>	<b>-93.791.736</b>
<b>gjöld</b>	<b>Rekstur</b>
267057010 - Fasteignir - ýmsar eignir.....	21.401.184
267057020 - Skálholt.....	5.083.169
267057030 - Suðurprófastdæmi.....	2.400.350
267057040 - Kjalarnesprófastdæmi.....	1.863.075
267057050 - Vesturlandsprófastdæmi.....	5.001.478
267057060 - Vestfjarðarprófastdæmi.....	2.192.095
267057070 - Húnnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmi.....	1.734.867
267057080 - Eyjafjarðar - og Þingeyjarprófastdæmi.....	4.943.452
267057090 - Austurlandsprófasdæmi.....	3.034.144
<b>gjöld Total.....</b>	<b>47.653.814</b>
<b>fasteignasvið Total.....</b>	<b>-46.137.922</b>

Sjóður notaður upp í viðhaldsbörf fasteigna    **-76.022.191**

	fjárhagsáætlun 2019
<b>Kristnisjóður</b>	
<b>Almenn starfsemi</b>	
Tekjur	
Framlag.....	-148.400.000
<b>Tekjur.....</b>	<b>-148.400.000</b>
 Gjöld	
267071 - REKSTUR.....	31.173.962
26707101110 - Kostnaðarhlutdeild, rekstrarkostnaður.....	6.556.543
Launakostnaður.....	37.000.000
26707402 - Fræðsla.....	17.950.000
26707402010 - Fræðsla - almenn starfsemi - Fræðsluþing.....	1.600.000
26707402015 - Fræðsla - námskeið.....	2.800.000
26707402025 - Fræðsla - efnisgerð - útgáfa.....	8.500.000
26707402035 - Fræðsla - farskóli leiðtogaefna og grunnnámskeið.....	350.000
26707402045 - Fræðsla - fullorðinsfræðsla.....	2.400.000
26707402052 - Fræðsla - umhverfismál.....	1.600.000
26707402053 - Fræðsla - prestur innflyttjenda, fræðsluhópur (nýtt viðfang).....	700.000
26707403 - Kærleikspjónusta.....	1.665.000
26707403010 - Kærleikspjónusta - almenn starfsemi.....	1.665.000
26707404 - Samkirkjumál.....	7.674.428
26707404010 - Samkirkjumál - almennt.....	3.467.000
Eurodiaconia - EK.....	252.288
CPCE.....	39.420
26707404020 - Samkirkjumál - Wicas.....	1.248.300
26707404025 - Samkirkjumál - LWF.....	2.168.100
26707404030 - Samkirkjumál - CEC.....	499.320
<b>Gjöld almenn starfsemi.....</b>	<b>70.845.971</b>
 Styrkir	
26707601 - Helgihald og kirkjutónlist - styrkir.....	13.919.000
26707601020 - Styrkir- Guðbrandsstofnun.....	1.500.000
26707601025 - Styrkir- Helgihald í Skálholti.....	11.319.000
26707601035 - Styrkir- Enskar messur.....	1.100.000
26707602 - Fræðslumál - styrkir.....	36.482.905
Hið íslenska bíblíufélag styrkur.....	3.000.000
26707602002 - Kirkjumiðstöð Austurlands.....	4.000.000
26707602004 - Kirkjumiðstöð Vestmannsvatns, æskulýðsstarf.....	700.000
26707602006 - Kirkjumiðstöð Reykholti.....	3.000.000
26707602007 - Kristileg skólahreyfing.....	1.200.000
26707602015 - Samningur við Guðfræði- og trúarbragðadeild.....	4.532.905
26707602020 - Löngumýri í Skagafirði, rekstur.....	9.000.000
guðfræðiráðstefna styrkbeiðni.....	250.000
26707602025 - Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar, rekstur.....	9.000.000
26707602030 - Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar, landsmót.....	1.700.000
26707602031 - Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi (farskóli leiðtogaefna).....	100.000
26707603 - Kærleikspjónusta, hjálparstarf og boðun - styrkir.....	17.800.000
26707603000 - Styrkir- Hjálparstarf kirkjunnar.....	10.000.000
26707603002 - Rekstur kirkju heyrnalausra.....	1.600.000
26707603003 - Styrkir- Samband íslenskra kristniboðsfélaga.....	5.000.000
26707603004 - Styrkir- Túlkapjónusta.....	1.200.000
26707604 - Menning - styrkir.....	5.050.000
26707604000 - Ævisaga Jóns Vidalín.....	1.250.000
Skálholtsfélagið hið nýja styrkur.....	500.000
26707604000 - Salt ehf. Útgáfa Bjarma, tímarits um kristna trú.....	400.000

	fjárhagsáætlun 2019
<b>Kristnisjóður</b>	
26707604000 - Orlofsdvöl eldri borgara á Löngumýri.....	1.300.000
26707604000 - Skógarmenn KFUM, fermingarbarnanámskeið í Vatnaskógi.....	500.000
26707604000 - Útgáfa bókarinnar Thirsty for God.....	500.000
26707604000 - Kross á altarisstein við Esjuberg.....	600.000
26707605 - kvennakirkjan.....	1.000.000
26707605000 - Styrkir- Kvennakirkjan.....	1.000.000
<b>Styrkir.....</b>	<b>74.251.905</b>
<b>Rekstrarafgangur</b>	<b>-3.302.124</b>

Umsækjandi	úthlutun 2019	umsókn 2019	úthlutun 2017	Umsókn	úthlutun
				2018	2018
<b>Höfuðkirkjur</b>					
Dómkirkjusókn (AA1)	5,0	7,5	5,0	7,5	4,5
Hallgrímssókn (AG1)	10,0	70,0	15,0	90,0	15,0
Hallgrímskirkja í Saurbæ			3,0	15,2	7,0
Hóladómkirkja	9,0		9,0	10,5	9,0
Skálholtsdómkirkja	17,3				15,0
<b>Höfuðkirkjur Total</b>	<b>41,3</b>	<b>77,5</b>	<b>32,0</b>	<b>123,2</b>	<b>50,5</b>
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi vestra</b>					
Ássókn (AN1)	7,5	10,0	4,5	6,0	4,5
Bústaðasókn	2,5	3,1			
Grensássókn (AT1)	20,0	20,0	4,0	5,0	4,0
Háteigssókn (AJ1)	4,5	5,7	4,5	6,0	4,5
Langholtsrákn (AR1)	4,0	4,7	4,5	5,0	4,0
Laugarnessókn (AL1)	20,0	20,0	4,5	8,0	4,5
Seltjarnarnessókn (AE1)	6,0	9,0	4,5	9,0	6,0
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi vestra Total</b>	<b>64,5</b>	<b>72,5</b>	<b>26,5</b>	<b>39,0</b>	<b>27,5</b>
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi eystra</b>					
Árbæjarsókn (BR1)	5,0	160,0	5,0	150,0	0,0
Breiðholtssókn (BG1)	20,0	48,0	5,0	9,0	7,0
Grafarholtssókn (BS1)	2,5	3,0	9,0	9,0	5,0
Grafarvogssókn (BT1)	5,0	15,0	5,0	15,0	5,0
Kársnessókn (BA1)	30,0	90,3	8,0	72,0	23,0
Lindasókn (BF1)	7,0	14,0	6,0	10,0	7,0
Seljasókn (BJ1)	3,0	12,5	0,0	0,0	0,0
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi eystra Total</b>	<b>72,5</b>	<b>342,8</b>	<b>38,0</b>	<b>265,0</b>	<b>47,0</b>
<b>Kjalarneprófastsdæmi</b>					
Ástjarnarsókn (CG2)	5,0	6,5	0,0	0,0	0,0
Brautarholtssókn	1,5	1,5	0,0	2,0	1,0
Hvalsnessókn (C21)	1,9	1,9	0,0	0,0	0,0
Víðistaðasókn (CB1)	4,0	8,0	2,0	8,0	5,0
<b>Kjalarneprófastsdæmi Total</b>	<b>12,4</b>	<b>17,9</b>	<b>2,0</b>	<b>10,0</b>	<b>6,0</b>
<b>Vesturlandsprófastsdæmi</b>					
Akrasókn (E65)	1,5	3,1	0,0	3,0	0,0
Borgarnessókn (E62)	6,0	18,0	2,5	13,5	3,0
Hellnasókn (FA7)	2,0	2,3	0,0	7,9	0,0
Hjarðarholtssókn (FF4)	2,0	4,5	0,0	6,6	3,0
Lundarsókn (E34)	1,0	1,0	0,0	0,8	0,8
Reykholtsrákn	5,6		5,6	5,6	5,6
Setbergssókn (FD1)	4,0	5,0	4,5	10,0	3,5
Staðastaðarsókn (FA5)	1,0	1,0	0,0	0,0	0,0
Stafholtsrákn (E54)	4,0	6,3	2,0	3,5	1,5
Stóra-Vatnshornssókn (FF3)	1,5	2,5	1,0	2,0	0,6
Stykkishólmsrákn (FE3)	10,0	14,4	8,5	2,4	1,5
<b>Vesturlandsprófastsdæmi Total</b>	<b>38,6</b>	<b>57,8</b>	<b>24,1</b>	<b>55,3</b>	<b>19,5</b>

Umsækjandi	úthlutun	umsókn	úthlutun	Umsókn	úthlutun
	2019	2019	2017	2018	2018
<b>Vestfjarðaprófastsdæmi</b>					
Bíldudalssókn (HB8)	2,5	3,0	0,8	1,2	0,8
Hólssókn	2,5		2,5	2,5	2,5
Patreksfjarðarsókn (HB4)	3,0	3,6	0,0	0,0	0,0
Sauðlauksdalssókn (HB3)	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Stóra -Laugardalssókn	5,6		5,6	5,6	5,6
<b>Vestfjarðaprófastsdæmi Total</b>	<b>15,6</b>	<b>8,6</b>	<b>8,9</b>	<b>9,3</b>	<b>8,9</b>
<b>Húnnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi</b>					
Barðssókn (K64)	0,2	0,2	0,0	0,0	0,0
Hvammstangasókn (JE1)	1,0	1,5	2,0	5,2	0,0
Ketusókn (K11)	0,6	0,6	0,0	0,0	0,0
Melstaðarsókn (JD3)	0,5	0,5	0,0	3,0	2,0
Reynistaðarsókn (K21)	0,3	0,3	0,0	0,0	0,0
Sauðárkrókssókn (K13)	5,0	7,8	0,0	1,5	1,0
Víðidalstungusókn (JD4)	0,3	0,3	0,0	0,0	0,0
<b>Húnnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi Total</b>	<b>7,9</b>	<b>11,2</b>	<b>2,0</b>	<b>9,7</b>	<b>3,0</b>
<b>Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi</b>					
Akureyrarsókn (L61)	7,0	16,2	0,0	18,7	0,0
Dalvíkursókn (L31)	3,0	11,2	1,0	10,6	2,5
Laufáss- og Grenivíkursókn	2,0	2,0			
Ljósavatnssókn (MA5)	1,5	3,0	4,0	11,8	4,0
Lögmannshlíðarsókn (L71)	5,0	6,0	0,0	0,0	0,0
Ólafsfjarðarsókn (L21)	3,1	3,0	3,1	3,1	3,1
Reykjahlíðarsókn (MC3)	4,0	5,0	0,0	0,0	0,0
Siglufjarðarsókn (L11)	3,0	4,0	2,0	3,0	0,0
Snartarstaðasókn (MF3)	2,0	2,0	0,0	3,0	2,0
Þórshafnarsókn (MH2)	3,4	3,4	3,4	3,4	3,4
<b>Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi Total</b>	<b>34,0</b>	<b>55,8</b>	<b>13,5</b>	<b>53,6</b>	<b>15,0</b>
<b>Austurlandsprófastsdæmi</b>					
Ássókn (N5E)	3,0	4,3	0,0	5,2	3,0
Djúpavogssókn (P53)	3,0	4,5	2,5	5,5	2,5
Egilsstaðasókn (N53)	20,0	47,4	0,0	1,5	0,0
Eiðasókn (N56)	3,0	5,3	2,5	4,1	1,5
Eiríksstaðasókn á Jökuldal	1,5	1,5			
Eskifjarðarsókn	5,2	4,0	5,0	5,2	5,2
Hofssókn (N22)	4,5	8,5	4,0	12,4	3,2
Hofssókn (P54)	1,7	3,0	0,0	1,4	1,4
Hofteigssókn (N5C)	1,5	3,0	0,0	0,0	0,0
Kirkjubæjarsókn (N55)	0,9	0,9	0,7	1,3	0,8
Mjóafjarðarsókn	0,3				
Norðfjarðarsókn	7,8	7,8			
Reyðarfjarðarsókn		10,0			
Sleðbrjótssókn (N54)	1,0	2,4	0,2	0,3	0,3
Stöðvarfjarðarsókn (P41)	2,2	2,8	2,5	4,5	2,5

<b>Umsækjandi</b>	<b>úthlutun</b>	<b>umsókn</b>	<b>úthlutun</b>	<b>Umsókn</b>	<b>úthlutun</b>
	<b>2019</b>	<b>2019</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2018</b>
Vopnafjarðarsókn (N21)	2,0	3,3	1,0	2,8	1,5
<b>Austurlandsprófastsdæmi Total</b>	<b>57,6</b>	<b>108,7</b>	<b>18,4</b>	<b>44,2</b>	<b>21,9</b>
<b>Suðurprófastsdæmi</b>					
Ásólfsskálasókn (R55)	0,2	0,2	0,0	0,0	0,0
Eyrarbakkasókn (TA3)	2,0	3,0	3,5	5,0	3,5
Oddsásókn (SD1)	3,0	4,2	1,0	6,0	4,0
Prestsbakkasókn (R32)	1,0	1,4	0,0	0,6	0,6
Skeiðflatarsókn (R53)	0,9	0,9	0,0	0,0	0,0
Stóra-Núpssásókn (TD2)	3,0	5,0	0,0	0,0	0,0
Stórólfshvolssásókn (SC3)	4,0	90,0	0,0	90,0	0,0
Víkursásókn (R51)	1,5	1,5	0,0	0,0	0,0
Þingvallasókn (TF5)	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Þykkvabæjarsásókn (SD3)	0,7	0,7	0,0	0,0	0,0
<b>Suðurprófastsdæmi Total</b>	<b>16,8</b>	<b>107,4</b>	<b>5,0</b>	<b>102,1</b>	<b>8,6</b>
<b>Stuðningur við söfnuði erlendis</b>					
Íslenska Kirkjan í Luxembourg		1,0	1,0	1,0	1,0
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg		1,0	1,0	1,0	1,0
Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn		1,0	1,0	1,0	1,0
Íslenski söfnuðurinn í London		1,0	1,0	1,0	1,0
Íslenski söfnuðurinn í Noregi		1,0	1,0	1,0	1,0
<b>Stuðningur við söfnuði erlendis Total</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>
<b>Æskulýðsmiðstöð Vatnaskógi</b>	<b>6,0</b>				<b>6,0</b>
<b>Grand Total</b>	<b>372,2</b>	<b>865,1</b>	<b>175,4</b>	<b>716,4</b>	<b>218,8</b>
lögbundar tekjur (verðlag fjárlaga 2019)		644,7			
<b>fjárheimild skv. frv. til fjárlaga 2019</b>		<b>401,9</b>			<b>399,8</b>
Kostnaðarhlutdeild í rekstri biskupsstofu		8			
<b>Áætluð afkoma 2019 (hagnaður)</b>		<b>21,7</b>			

<b>Sum of Upphæð Yfirviðfang / viðfang</b>	<b>rekstraráætlun 2019</b>
<b>Tekjur</b>	
<b>267911 - ALMENNUR REKSTUR</b>	
2679110100 - Yfirstjórn.....	-37.200.000
2679111000 - Kennslukostnaður Tónskólans.....	-2.729.601
<b>267911 - ALMENNUR REKSTUR Total.....</b>	<b>-39.929.601</b>
<b>Tekjur Total.....</b>	<b>-39.929.601</b>
<b>gjöld</b>	
<b>267911 - ALMENNUR REKSTUR</b>	
2679110100 - Yfirstjórn.....	5.919.852
2679111000 - Kennslukostnaður Tónskólans.....	22.894.814
2679112020 - Barnakórar.....	155.164
2679114000 - Bókasafn.....	205.800
<b>267911 - ALMENNUR REKSTUR Total.....</b>	<b>29.175.630</b>
<b>2679110300 - Skólastjóri Tónskólans</b>	
2679110300 - Skólastjóri Tónskólans.....	7.253.971
<b>2679110300 - Skólastjóri Tónskólans Total.....</b>	<b>7.253.971</b>
<b>gjöld Total.....</b>	<b>36.429.601</b>
<b>Rekstrarrafkoma (tekjuafgangur).....</b>	<b>-3.500.000</b>